

Vegna fyrirspurnar frá fjárlaganefnd, er hér að finna upplýsingar varðandi notkun opinna fangelsa. Svör ráðuneytisins byggja að miklu leyti á upplýsingum frá Fangelsismálastofnun.

## 1. Telur ráðuneytið að aukin notkun opinna fangelsa geti sparað bæði fé og endurhæfingu?

Það er umtalsvert ódýrara að reka opin fangelsi en lokuð þar sem ekki þarf sama húsbúnað, öryggistæki og gæslu eins og í lokuðum fangelsum. Þá er það mat Fangelsismálastofnunar að afplánun í opnum fangelsum sé farsælli en afplánun í lokuðum fangelsum, sjá m.a. umfjöllun hér að neðan. Það er alltaf reynt að vista sem flesta í opnu fangelsi eins fljótt og unnt er, þ.e. séu þeir hæfir til þess. Hins vegar eru ekki alltaf laus pláss í opnu fangelsi á þeim tíma sem afplánun á sér stað og því eru alltaf einhverjir sem afplána lengur í lokuðu fangelsi en þeir þyrftu.

### a. Óskað er eftir stuttu yfirliti um kostnað, aðgerðir, bætt lífsgæði viðkomandi og annað sem ráðuneytið telur að máli skipti.

Í neðangreindri töflu má sjá kostnað við opnu fangelsin, þ.e. Sogn og Kvíabryggju. Eins og fram kemur í svarinu hér að ofan þá er það mat Fangelsismálastofnunar að afplánun í opnum úrræðum sé farsælli en afplánun í lokuðum úrræðum. Það er meðal annars vegna þess að afplánun í lokuðu fangelsi getur haft verri áhrif á menn en afplánun í opnu fangelsi þar sem réttindi eru meiri og allur aðbúnaður betri, svo semengar girðingar, aukið frelsi varðandi útvist, auðveldara aðgengi að námi o.fl. Rannsóknir sýna að vistun í opnum fangelsum getur dregið úr ítrekun brota ef rétt er að henni staðið.

Þá er almennt betra, að mati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar, að veita mönnum viðeigandi aðstoð, s.s. sálfræðiaðstoð í slíku umhverfi. Að sama skapi er það talið í sumum tilfellum geta jafnvel verið skaðlegt að veita mönnum áfallamiðaða aðstoð í eins neikvæðu umhverfi og lokuðu fangelsin geta verið. Til þess að vistun í opnum fangelsum geti haft þessi jákvæðu áhrif er nauðsynlegt að tryggja betri virkni fyrir þá sem eru vistaðir þar og má þar nefna vinnu, nám, námskeið og meðferð af ýmsum toga. Starfsmenn meðferðarsviðs Fangelsismálastofnunar eru ekki nægilega margir eins og staðan er til að sinna þeirri vinnu eins og best verður á kosið. Megináhersla þeirra snýr að þeim sem vistast í lokuðu fangelsunum þar sem álagið er mest.

## 2022

	Sogn	Kvíabryggja
Sértekjur	-2.868.443	-2.524.509
Laun	188.653.978	148.369.485
Ferðir og fundir	3.115.031	4.191.003
Rekstrarvörur	15.269.557	18.793.997
Aðkeypt þjónusta	17.004.977	18.243.548
Húsnæði	22.747.992	13.338.902
Bífreiðar og vélar	543.711	3.033.829
Rekstrarkostnaður	205.974	35.415
Samtals	244.672.777	203.481.670

  

Meðalfjöldi ársverka	14,5	12,2
Meðalfjöldi fanga	18,9	19,9
Kostnaður pr. fanga á ári	12.945.650	10.225.210

## 2. Óskað er eftir stuttri greinargerð um kaup og kjör fanga, fyrirkomulag dagpeninga og þóknun vegna vinnu þeirra og náms.

### a. Hvenær voru settar reglur um upphæðir, hvenær hafa þær verið uppfærðar og um hversu háar upphæðir og hvaða viðmið voru notuð til þess að ákvæða þær upphæðir?

Gildandi reglugerð um þóknun fyrir vinnu og nám og dagpeninga til fanga var sett árið 2017. Ákvæði reglugerðarinnar eru til skoðunar í ráðuneytinu og að mati ráðuneytisins væri æskilegt skoða nánar þetta fyrirkomulag

### b. Hvernig er fyrirkomulag starfstengdra greiðslna fanga, svo sem varðandi lífeyri og önnur lögbundin atriði sem tengjast tekjum vegna vinnu?

Um er að ræða þóknun sem ekki er greitt af í lífeyrissjóð né önnur launatengd gjöld.

Varðandi svör vegna neðangreindra þátta í tekjum og gjöldum vegna númeraframléiðslu annars vegar og endurvinnslu flokkunar rusls hins vegar þá vildi Fangelsismálastofnun áréttta að það væru ýmiss konar útgjöld sem féllu til í umræddum rekstri sem ekki var óskað eftir sérstaklega. Það mar mat Fangelsismálastofnunar nauðsynlegt væri engu að síður að hafa þau útgjöld með í neðangreindri samantekt til að samhengi væri á milli tekna og gjalda. Þá taldi Fangelsismálastofnun einnig rétt að benda á að rekstur númeraplötuframléiðslu væri rekin samhliða öðrum rekstri, en reynt hefði verið að sundurgreina kostnað eins nákvæmlega og unnt var.

**c. Hver er efniskostnaður hjá Litla-Hrauni í framléiðslu á númeraplötum á ári undanfarin 3 ár?**

- 2020 : kr. 26.149
- 2021 : kr. 564.519
- 2022 : kr. 1.533.423

**d. Hver er launa/þóknunarkostnaður í framléiðslu á númeraplötum á ári undanfarin 3 ár?**

- 2020
  - Þóknanakostnaður: kr. 725.000
  - Launakostnaður: kr. 10.576.000
  - Annar kostnaður: kr. 720.000
- 2021
  - Þóknanakostnaður: kr. 730.000
  - Launakostnaður: kr. 10.720.000
  - Annar kostnaður: kr. 877.000
- 2022
  - Þóknanakostnaður: kr. 847.000
  - Launakostnaður: kr. 12.620.000
  - Annar kostnaður: kr. 1.454.000

**e. Hverjar eru tekjur Litla-Hrauns vegna sölu á númeraplötum til Samgöngustofu á ári undanfarin 3 ár?**

- 2020 : kr. 10.119.000 án.vsk
- 2021 : kr. 13.075.000 án.vsk
- 2022 : kr. 16.689.000 án.vsk

**f. Hvað fær Litla-Hraun greitt fyrir samning um að flokka rusl á ári undanfarin 3 ár?**

- 2020 : kr. 3.691.000
- 2021 : kr. 3.457.000
- 2022 : kr. 3.687.000

**g. Hver er launa/þóknunarkostnaður vegna flokkunar rusls vegna samnings á ári undanfarin 3 ár?**

- 2020
  - Þóknanakostnaður : kr. 2.543.000
  - Launakostnaður : kr. 8.130.000
  - Annar kostnaður : kr. 2.630.000
- 2021
  - Þóknanakostnaður : kr. 2.628.000
  - Launakostnaður: kr. 8.856.000
  - Annar kostnaður: kr. 2.714.000
- 2022
  - Þóknanakostnaður : kr. 2.589.000
  - Launakostnaður: kr. 9.403.000
  - Annar kostnaður: kr. 2.840.000